



"Þjóðernid" % J. Kjarnsted

# HEIMIR



## EFNISYFIRLIT

Karlmenska, E. Á. þýddi	- - -	J. Neihardt.
Flóðsögur ýmsra forþjóða	- - -	Ritstj.
Vantrúaður prestur	- - -	Eftir Þjóðv. 1912.
Ljóminn á andlitunum, þýtt	- - -	Ritstj.
Hvað er varanlegt?	- - -	Ritstj.
Á Gamlárskvöld 1912	- - -	R. P.
Svar til séra Jóhanns Bjarnasonar	- - -	Ritstj.



VIII. ÁR

1913

10 BLAÐ

# TIMBUR!

☛ Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglðu timbri.  
☛ Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

**The Empire Sash & Door Co. Limited**

Henry Avenue, East

## BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA


er til sölu hjá þessum mönnum:

—

Sveini Thorvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Gimli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallsyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánssyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum Íslenskum bóksölum.     ::     ::

—

**VERÐ: 35 cent**



## KARLMENSKA.

EFTIR J. NEIHARDT.

---

Aflvana, en óhræddur fer ég  
hér einn móti hríðinni um nótt,  
Reikandi og uppgefinn er ég  
og alt er í kringum mig hljótt.  
En hollustu held ég þó við þig,  
Ó, herra 'ins stríðandi lýðs!  
Með hálflyftum höndum eg bið þig  
um hjarta til manndóms og Stríðs.

Ég hirði' ekki hvort ég held lífi  
né hvort með þeim föllnu ég dey,  
en hugleysið syndinni hlífir  
og hæfir þeim framgjörnu ei.  
Sjá! Óvin minn fýsir til iðju  
í uppreisn með vopnalið sitt.

En hjör minn er hrökkvinn í miðju. —  
Ó, herra, styrk sverðbrotið mitt.

Ó, vorkenn mér ei eða vægðu —  
— Ég veit að hann spottast að mér —  
og heiftina í lund hans ei lægðu.  
Ég lamaður mót honum fer.  
Ég hirði ekki um sigursins heiður,  
og hræðist ei voðann né nótt.  
Það gjöra að eins gungur og bleyður.  
Ó, gefðu mér mannlegan þrótt!

Rökkrið er rauðleitt! Það hríðar!  
“Raggeit!” Þú kallar. — Þú laugst!  
En sárin í brjósti mér sviða,  
því sverð þitt við hjarta mér straukst.  
Ó stríðs-guð, í fyrstu' eg þér fól mig  
og frá þér eg aldrei rann.  
Gef einungis að hún, sem ól mig  
hafi alið og fósrað upp mann!

E. Á.



## Flóðsögur ýmsra fornþjóða.

Allir kannast við söguna um Nóaflóðið í fyrstu bók Móse. Hún ásamt ýmsum öðrum sögum í Gamlatestamentinu hefir lengi verið hrösunarhella fyrir marga, sem ekki hafa getað fengið sig til að trúa hverri fjarstæðu, sem í biblíunni stendur. Jarðfræðin hefir fyrir löngu sannað, að flóð yfir alla jörðina hefir aldrei átt sér stað síðan menn og dýr, sem á landi lifa, fóru að lifa á jörðunni. Hún hefir sannað að sköpunarsagan öll í biblíunni er að eins tilbúningur af mönnum, sem voru ófróðir um öll vísindi; samskonar tilraun til að gera sér grein fyrir uppruna heimsins hafa þeir einnig gert, er finst meðal mjög margra fornþjóða. Það hefir verið sýnt með alveg óyggjandi rökum, að aldur jarðarinnar og aldur mannkynsins á jörðunni er margfalt hærri en biblían segir. Hver maður, er nokkurt skyn ber á slíka hluti, viðurkennir það nú. En þrátt fyrir það þó flóðsagan sé vísindaleg fjarstæða, hefir hún sannindi við að styðjast og er all-merkileg að uppruna. Hún er skyld samskonar sögnum, sem gengu meðal Babýlónumanna tvö þúsund árum eða meira fyrir Krists fæðingu. Og svipaðar sagnir finnast í elztu munn-mælum fjölda fornþjóða víðsvegar um heim.

Árið 1872 fanst babýlóníska flóðsagan í brezka safninu í Lundúnum. Meðal annara austurlenzkra fornmenja voru þar tólf leirtöflur, sem á var ritaður, söguljóðabálkur. Ljóð þessi eru nefnd Gilgames ljóð, vegna þess að þau segja frá ferðalagi manns nokkurs, Gilgames að nafni. Á elleftu töflu er sagt frá að forfaðir Gilgames, er Lítuapísti hét, og bjó við mynni Efrat-fljótsins, hafi sagt honum frá flóði, er huldi alla jörðina, og segir Gilgames söguna eftir honum.

Guðirnir afréðu að senda flóð á jörðina, en Ea, guð vízkunnar gerði Lítuapísti ráðagerð þeirra kunnuga, og skipaði honum að byggja stórt skip og láta í það öll lífsfræ. Lítuapísti gerði eins og honum var boðið. Síðan skall á voðalegur stormur

með regni og vatnið flæddi yfir alt. Á sjöunda degi byrjaði vatnið að lækka. Þá opnaði Lítuapísti glugga og sá land í fjarlægð. Þangað stýrði hann skipinu og lenti við fjallið Nizir. Hann sendi fyrst út dúfu, síðan svölu og seinast hrafn, sem ekki kom til baka. Þá vissi hann að vatnið mundi vera þorrið. Hann slepti þá út öllum dýrunum, færði fórnir, sem guðirnir söfnuðust saman um; og hin völduga gyðja Istar reisti upp boga í skýjunum.

Saga þessi eins og hún er í brezka safninu er frá sjöundu öld fyrir Krists fæðingu, en alt kvæðið, sem hún er einn hlutinn af, er eftirrit af frumkvæði, sem var til í Babýlon á tuttugustu öld fyrir Krist. Brot af flóðsögunni, sem voru færð í letur eitt-hvað um árið 2000 í K., hafa einnig fundist. Margir fræðimenn álíta, að í Gilgames flóðsögunni sé nokkrum mismunandi sögum blandað saman. Guðanöfnin eru ekki ávalt hin sömu og sagan er ekki fyllilega sjálfri sér samhljóða. En það bendir á, að til forna hafi sagan verið til í mörgum útgáfum hjá Babýlónsumönnum. Uppruni sögunnar er auðsjáanlega í munnmælum um flóð á láglandinu við Efrat-fljótið.

Flóðsagan í biblunni er í tvennu lagi; eða öllu heldur, þar eru tvær flóðsögnir. Sú eldri er kend við J., þann höfundinn í Mósebókunum, sem notar nafnið Jahve. Hana er að finna fyrst í sjöunda kapítulanum og svo á við og dreif í síðari hluta hans og áttunda kapítulanum. Hina er að finna í sjötta kapítulanum; og er hún kend við P., prestlega höfundinn, sem ritaði miklu síðar en J. Sögur þessar eru ekki eins í öllum atriðum. J. sagan er mjög gömul, og Gyðingar hafa fengið hana frá Babýlóníumönnum mjög snemma. J. þátturinn í Mósebókunum var ritaður á níundu öld f. K., en vel getur verið að sagan hafi lengi verið búin að vera til í munnmælum fyrir þann tíma. Gyðingar gátu hafa fengið hana löngu áður beint frá Babýlóníumönnum, eða hafa komið með hana með sér úr sínum upprunalegu heimkynnum. P. sagan var rituð miklu síðar. Hvort hún er dregin af J. sögunni og breytingar gerðar, eða hún er á ný fengin frá babýlonísku sögunni er óvíst. En að báðar sögurnar séu fengnar úr babýlonísku sögnunum er áreiðanlegt. Biblíu-

Ögnin er í flestum atriðum svo lík babýlónsku sögnunum að um þær getur ekki verið að villast. Lengi vel var því haldið fram á ýmsum að biblíusagan gæti verið eldri, en þar sem það er áreiðanlegt að babýlónska sagan var til 2000 árum f. K., er hún efalaust sú elzta flóðsaga sem til er í þeim löndum. J. sagan í biblíunni getur ekki hafa verið færð í letur fyrir en á níundu öld f. K. og svo snemma hefir hún ekki gætað verið til hjá Gyðingum, að Babýlóníumenn hafi fengið hana frá þeim fyrir tuttugustu öld f. K. Menn vita ekki neitt um neinar sagnir með Gyðingum, sem hægt sé að sýna að séu svo gamlar. Auk þess er auðséð að flóðsagan hefir náttúrlegan uppruna í löndunum við stórfljótin, sem renna í Persaflóann. Um flóð á Gyðingalandi, sem gætu gefið tilefni til slíkrar sögu, gat alls ekki verið að ræða.

Babýlónska flóðsagan kemur fyrir dálítið breytt hjá sagnariturum Babýlónar á síðari tímum. Einn þeirra, Berossus að nafni, sem var uppi um 300 f. K. ritaði hana upp eftir gömlu sögnunum, og var hún síðan tekin upp eftir honum af grískum sagnariturum. Þetta sýnir hvað sagan var algeng í Babýlon, alt frá elzru tíð og fram undir það síðasta.

Hjá grískum fornaldar-rithöfundum finnst flóðsögur, sem í ýmsu svipar til babýlónsku sögunnar. Sömuleiðis finnst þær í fornritum Indverja og Kínverja. Það einkennilega við indversku sagnirnar er, að fiskur er látinn vara menn við flóðinu. Um skyldleika milli þessara sagna og babýlónsku flóðsögunnar getur ekki verið að ræða. Uppruni þeirra hlýtur að vera í náttúrlegum vatnsflóðum í þessum löndum. Flóð koma fyrir í öllum löndum, þar sem stórar ár eru og víða ganga sjávarflóð, af völdum vinda, jarðskjálfta og annara náttúru-umbrota, á land upp. Í Kína t. d. eru flóð í stórám, sem gera afarmikinn skaða, mjög tíð.

Þjöldla margir villimanna flokkar um allan heim hafa átt sínar flóðsögur. Stundum hafa þessar sögur ekki verið settar í beint samband við trúarhugmyndirnar, heldur hafa lifað eins og hverjar aðrar endurminningar í hugum manna. Sumar þessar flóðsögur, sem trúboðar hafa fyrstir manna orðið kunnir hjá villimannaflokkum, bera talsverðan keim af flóðsögunni í biblí-

unni, en öðrum svipar alls ekki til hennar. Langflestar flóðsögur meðal villimanna hafa fundist í munnmælum Indíánanna í Amerísku, en fæstar aftur í Afríku. Sú tilgáta hefir komið fram, að þar sem vatnsflóð séu árlegir viðburðir hafi engar flóðsögur myndast, vegna þess að mjög algengir viðburðir veki enga undrun. Óvanalega mikil og sjaldgæf flóð ættu þá að vera orsök flestra flóðsagna.

Menn vita nú, að á lægri þekkingarstigum mannkynsins, áður en menn læra að skilja hinar réttu orsakir flestra náttúruviðburða, er ekkert algengara en að allir slíkir viðburðir séu beinlínis skoðaðir sem sérstakar athafnir einhverra guða. Vatns- og sjávarflóð eru tiltölulega algengir viðburðir á láglendi, við stórfjót og sjávarstrendur um allan heim. Oftast fylgir þeim eyðilegging á eignum og lífi. Það er því sízt að undra, þó sagnar hafi myndast mjög víða um þessa viðburði; og að þeir hafi verið eignaðir reiði guðanna. Menn hafa ekki getað ímyndað sér að guðirnir létu slíka eyðileggingu koma yfir nema þeir væru mönnunum reiðir. Og þar sem siðferðis hugmyndir manna eru komnar á tiltölulega hátt stig er tilgreint, hver orsökkin til reiðinnar sé; hún er vanalega syndir og ranglæti manna. Í raun og veru eru sögur þessar merkilegar og margt má af þeim læra viðvíkjandi trú, siðferði og hugsunarhætti þeirra, sem þær urðu til hjá. Þær eru að eins fjarstæðufullar, ef því í þeim er trúað, sem vísindin hafa sannað að ómögulega hefir getað átt sér stað, eins og t. d. að flóð hafi náð yfir alla jörðina og að alt líf, nema það sem bjargaðist í stóru skipi, hafi farist. Flóðsagan í biblíunni er mjög vel skiljanleg, þegar hún er ættfærð til gömlu babýlónisku sögunnar, sem menn vita að átti mjög svo eðlilegan uppruna. En eins og hún stendur í biblíunni, sem sönn lýsing á viðburði er hún auðvitað hreinasta fjarstæða. Og jafnvel þeim, sem trúu stranglega á innblástur biblíunnar, dettur nú ekki í hug að neita því.



## Vantrúaður prestur.

Enginn maður hér þarf að láta sér verða hverft við. Þetta er ekki á Íslandi. Það er í Danmörku.

Það er nú að vísu engan veginn eins dæmi þar, að prestar afsali sér embætti, af því þeir séu orðnir óstöðugir í kyrkjutruinni, en svo fátítt er það þó enn þá, að það vekur ákafa eftirtekt, þegar einhver presturinn tekur undir sig þess konar stökk, og svo var það í fyrra, að mönnum varð mjög bilt á Gamlársdag í Vestri-Brunnbæ, þegar sóknarpresturinn, séra Kristján Barfód gekk fram í kórðyrnar, fram fyrir söfnuðinn og létur hann hafa það í staðinn fyrir prédikun, að hann lýsir yfir því, að hann ætli að segja af sér embætti sínu, því hann geti ekki verið prestur í kyrkjuni lengur, samvizku sinnar vegna; hann sé búinn að missa trúna á það, að Kristur frá Nazaret sé Guðs son.

Ef til vill jók það hér athygli almennings, að séra Kristján Barfód var búinn að vera prestur í hinni kristnu, lútersku og dönsku fjóðkyrkju í 24 ár og var virtur maður og vel metinn.

Núna í fyrri mánuði gaf svo séra Barfód út dálítinn bækling, og gerir hann þar grein fyrir því, hvers vegna hanu hafi verið knúður til að segja sig úr kyrkjuni.

Hann skýrir frá því meðal annars, að í æsku sinni hafi hann mjög hneigst að H. N. Clausen, Henrik Scharling og Martensen, og að hann hafi langt fram eftir aldri rækt prestsembætti sitt og lagt samtímis stund á vísindaiðkanir, án þess að nokkrar efasemdir stríddu á hann um það, að kristindómurinn væri hin eina sanna trú, þar sem saman væri og komin öll fegurð og gjöfgi. Hann kvaðst og þá ekki hafa haft minstu nasasjón af, að neitt djúp væri staðfest milli eigin lifnaðar hans og kenninga kristindómsins.

Þær efasemdir bærðu fyrst á sér árin næstu eftir 1906.

Sögusagnir Gamlatestamentisins, spádómarnir um Messías, vöktu fyrst þann grun, að þessar spásagnir gætu ekki átt við Jesús Krist, og til hans væri þar alls ekki stefnt, og bendir hann á það, að um fórnardauða Jesús og upprisú sé ekki eitt orð í hinu Gamlatestamenti.

Kristindómurinn átti að vera hafinn yfir öll önnur trúarbrögð, en hann sannfærðist nú um, að þeir höfðu rétt að mæla, sem sögðu, að hann væri sambland úr ýmsum áttum og í honum væri fjöldi heiðinna erfðasetninga djöflatrú og fleira.

Hann fann og til og rak sig á mótsagnirnar í manndómseðli Jesú. Hann gat ekki sætt sig við þá bugsun, að sonur guðs, aðsta fyrirmyndin að vitzku og siðgæði, var í öllum efnum gagnsýrður af römu röngu skoðunum eins og hver almúgamadur (Gyðinga)jódarinnar á hans dögum. Hann rak illa anda í evín o. s. frv.

Hann neyddist og til að fallast á þá kenningu Sörens Kirkjugards, að kristna trúin væri sjálfsafneitunarkenning og að nútímamenn kyrkjunnar lifðu því gersamlega andstætt,

Séra Barfód segir:

“Þegar ég hugleiddi allt þetta á þessum árum, gat ég ekki sloppið hjá því, að spyrja sjálfan mig að þessu: Litir þú sjálfur eins og kristnum manni byrjar? og ég neyddist til að svara: nei. Ég var kvongaður og átti börn, sat á stóru prestasetri og þurfti engar áhyggjur að hafa fyrir framtíð minni. Ég var hneigður fyrir vísindi og listir, náttúrufræði, sönglist og heidna heim-speki, sem lítið samneyti eiga við Krist. Alt í kring um mig í sókninni, í Kaupmannahöfn og úti um landið hafði ég séð og vissi af sjúkum mönnum, félausum mönnum, brjáluðum mönnum og vesólum, sem hjálparþurfar voru. Mér fanst lífið oft vera eins og stórkostlegt skipbrot, þar sem menn berjast fyrir lífi sínu, en engin réttvís tilhögun er”.

Um líf nútíðarmanna kristinna segir hann:

“Það er fremur fyrirhafnarlítið að verða guðs barn á þann hátt eins og sumt fólk hér á landi er það, sem heldur, að það geti sloppið með það, að sneiða hjá dansi, spilum og sjónleikum. Nei, góðir menn, til þess þarf meira”.

Það varð loks sannfæring séra Kristjáns, að kristindómurinn stæði á röngum grundvelli. Hann var bygður á trú hinna fyrstu kristnu manna á því, að dómisdagur væri þá í nánd. Þessi undirstaða hefir bilað, og í félagslífi vorra daga er ekki auðið að lifa samkvæmt kenningum kristindómsins.

Hann gat ekki trúað kraftaverkum Nýjatestamentisins.

Hann segir: “Mér finst það ósamboðið virðingu prestsins, að lesa upp biblíutexta um kraftaverk, og sneiða svo með öllu hjá þessu kraftaverki í ræðu sinni og tala þar um alt aonað, eða þá um eitthvað orð eða setningu úr textaum, sem engu máli skiptir”.

Bæklingur séra Kristjáns Barfód endar með mjög áhrifamikilli lýsingu á hinni hátíðlegu skilnaðarathöfn í kyrkjuni og hann ver það öfluglega, að hann fór ekki burt þegjandi og kyrlátlega, en valdi þann veg, að skýra söfnuðinum ærlega og í allra áheyrn frá efasemdum sínum.

— Þjóðviljinn 19. okt. 1912.

## Ljóminn á andlitunum.

(Arabísk saga lauslega þýdd úr eösku.)

Fyr á tímum, þegar mennirnir hugsuðu um Allah\* með lotningu, bjó gamall einsetumaður í helli við Rauða hafid. Honum þótti vænt um rökkrif í hellinum, eins og þeim mönnum, sem lifa einir út af fyrir sig, og kom sjaldan út í dagsljósið, nema til að heilsa pilgrímunum, sem færðu honum fæðu hans og leggja blessun sína yfir þá. Hann lá sýknt og heilagt yfir gulum bókfellsströngum, sem voru alsettir illa skrifuðu kolsvörtu arabísku lettri; hann var ávalt boginn í keng, klóraði leyndardómsfullar rúnir á veggina og reyndi að finna úrlausu á ráðgátunni um Guð. Stundum sat hann gruffandi þangað til hann varð utan við sig. Í því ástandi flugu margar skjótar og óljósar hugmyndir fram og aftur um heila hans, og honum fanst hann verða meðtakandi guðdómlegrar vizku; þeirrar vizku, sem sér og veit alla hluti í einu. En þrátt fyrir allar þessar tilraunir yfirgaf efninn hann aldrei, aldrei var þrá hans að sjá Allah fullnægt.

“Það er enginn guð til nema hann. — Allah hinn lifandi, sem er í sjálfum sér!” var hann vanur að hrópa með hárrí og skerandi rödd til undrandi mannfjöldans, sem kom til að segja fat-tah til hans í hellismunnanum.

“Hinn ósýnilegi, hinn dularfulli Guð, sem sendir efan eins og myrkur og trúna eins og ljós — þó oss sýnist þau ólík, eru þau eitt og hið sama fyrir honum.

Þeir sem komu að hellinum sögðu í hálfum hljóðum “ulama!” — “lærði maður!” þá grunaði ekki að orðin, sem þeir hlustuðu á fagnandi, sem geymdu þau hina dýpstu speki, ættu upptök sín í kvöl efans. En þeir hneigðu höfuðin og kvöddu lotningarfullir og fóru burt; en inni í dimmum hellinum sat einsetumaðurinn í djúpum hugsunum langt fram á nótt.

\* Guð Múhamedstrúarmanna

Hann skeytti ekkert um fegurð kvöldloftsins, það var eins og ljósblátt tjald seyn t n eð gulli hérgi fyrir hellismunnnum, og að allur friður himinsins lægi hinu megin við það, en að allur jarðneskur andans óróleiki veki hjá vitringnum fyrir innan. Augu hans stækkuðu og urðu tryllingsleg, af því að stara stöðugt og með eftirvæntingu á klettaþakið og hellismunnann; en hann fann enga ánægju, ekkert er stöðvaði hróp hans.

“Synir hins lifðandi augnabliks, hálmur og hey”, tautaði hann ólandarlega um leið og guðhrædda, lítilsiglda fólkið gekk fram og aftur í rökkrunu fyrir utan hellinn, “hvað geta hinir sofandi hugir þeirra vítað um hátígn Allah?”

Svo skeði það einn dag að Drottinn Guð leit niður á hellinn. Hver er sá, sem ekki hefir séð Drottins vegi í þessu. — hvernig hann klýfur himinhvelvinguna með hendi sinni og sópar skýjunum burt. Þannig svifta mennirnir sundur fellingunum á tjöldum sínum, til að horfa á sólaruppkomuna. Eins og tjaldskörin fellur til baka, svo þjóta skýin fram og aftur um loftið. Þegar skýin hreyfast, horfir Drottinn einhverstaðar niður á jörðina. Og sjá, þvert yfir hafsströndina og inn í gilið, þar sem hellirinn var, skein ljós mikið, bjartara en sólin, eins og sólin sjálf er bjartari en skin hennar á síkviku vatninu; og ljósið skein á andlit pílagríma, sem þyrptust þangað. Það var eitt augnablik af óumræðilegri dýrð, svo luktist himininn yfir ljósið mikla. Og gamli spekingurinn? Hann hafði ekki séð neitt, því hann var byrgður í helli sínum, hann hafði ekkert séð nema það, að pílagrímarinn litu upp móti ljósgeislunum að ofan.

“Á hvað eruð þið að horfa?” spurði einsetumaðurinn úr hellinum.

Pílagrímarinn veittu honum enga eftirtekt. Þeir stóðu undrandi og hræddir við sýnina. Sumir féllu til farðar og hörmuðu syndir sínar; aðrir gengu hljóðir í burt. Að lokum var að eins einn eftir, og einsetumaðurinn spurði hann aftur sömu spurningarinnar.

“Ég hef séð ásjónu Allah”, sagði maðurinn með fagurri lotningu og andlit hans ljómaði eins og það hafði aldrei áður gert. En hann vildi ekki segja meira og fór í burt.

Einsetumaðurinn sat langa lengi í hellinum. Í huga hans var öfund, forvitni og vonbrigði. "Ég verð að sitja við dyrnar á helli mínum", sagði hann, "annars kem ég aldrei auga á þessar sýnir. En hvernig þessir heimsku pílgrímur trufla hugsanir mínar".

Svo sat hann marga daga við dyrnar á hellinum og starði greiðulega út í hádegisbirtuna, þar til augu hans, sem voru orðin veikluð af myrkrinu, vöndust við það. En honum birtist engin sýn. Bros himinsins færði honum enga opinberun; og forvitni einsetumannsins ox meir og meir. Hvað höfðu pílgrímarnir séð? Hvernig var ásjóna guðs? Hafði hann horft með velþóknun eða vanþóknun á hellinn? Þessar spurningar ráku einsetumanninn af stað. Fullur ákafa yfirgaf hann bústað sinn til að finna í nágrenninu pílgrímanna, sem ljósið hafði skinið á.

Fyrsti pílgrímurinn, sem hann fann lá sjúkur. Með sársauka og þrautum heilsaði hann einsetumanninum og undraðist yfir því, að svo heilagur maður skyldi hafa yfirgefið felustað sinn. En hann gat ekki sagt honum neitt.

"Það var ekkert nema dýrðin", sagði sjúki maðurinn, "og ó hefir það hughreyst mig. Um langar nætur, mitt í sóttveikiskvölunum hefir ljósið skinið um mig og sál mín hefir dvalið í birtu. Og um leið og hann talaði varð andlit hans bjart, eins og það hafði verið á staðnum þar sem ljósið skein á það. Jafnvel bjartara en þá, hugsaði einsetumaðurinn með djúpri öfund.

Sá næsti, sem hann fann, hafði orðið blindur, þegar hann kom heim. En í stað þess að kvarta var hann fullur af þakkæti og sagði:—

"Hvaða þörf hefi ég á augum til að sjá með, sem hefi séð ásjónu Guðs? Hvað annað er þess vert að eftir því sé sózt?" Andlit hans var undra bjart, en hvernig sýnin hafði verið gat hann ekkert um sagt. "Það var einungis fagurt", hvíslaði hann, og einsetumaðurinn fór burt hryggur í huga.

Sá þriðji, sem hann fann, hafði mist konu sína og barn. Ræningjar höfðu stolið þeim meðan hann var að heiman. Þó hann væri einmana, var engin gremja í hjarta hans.

"Ljósið og sýnin", sagði hann, þegar einsetumaðurinn

spurði hann: "Hvernig veit ég? Það var ekkert nema ást, og þess vegna veit ég, að sá sem leit með svo mikilli meðauðkun á þjón sinn, muni annast þá sem ég elska og láta ljós ásjónu sinnar skína yfir þeim".

Þegar einsetumaðurinn heyrdi þessi orð, sem voru svo hughreystandi, og þó svo óljós, fór hann í burt mjög hugsjókur. Hvað höfðu þeir séð? og hvers vegna hafði hann einn af öllum þeim sem þar voru, farið á mis við þá sýn sem hann hafði þráð svo mjög. Átti hann aldrei að vita neitt um ásjónu Guðs, nema það að sjá ljómann á andlitum manna og trúna í hinum eiu-földu hjörtum þeirra?

Í þessum hugleðingum kom einsetumaðurinn í stóra borg um sólsetur, og gekk gegnum þröngu strætin að sölubúð vopnasmíðs, sem hann hafði þekt vel einu sinni. Þegar hann kom þangað, sagði hann vopnasmíðnum sögu sína og spurði hann ráða. Vopnasmíðurinn var lítill maður með bogið bak, sem sjaldan hreyfði sig úr einu horni búðarinnar, þar sem hann sat við vinnu sína. Hann sagði honum dæmisöguna um skjöldinn (sem hann fægði með lófa sínum um leið og hann talaði):—

"Hvern mundi hafa dreymt, þegar þeir komu með geysistöran, grásvartan köggul frá austurst önd Afríku hingað, að hann mundi nokkurn tíma verða þessi gljáandi silfurskjöldur. Hvað hann var líkur óhreinu járnskörungnum koparsmíðsins þarna hinu megin á strætinu. En hann var hreinsaður í eldi, hann var beygður og sveigður í eldi, eins og menn eru beygdir í stríði og á þrautastundum. Ég hef núið hann og fægt langa lengi — sjáðu þenna undraveiða gljáa. Enginn sólargeisli kemst nokkurn tíma inn í þessa þröngu búð. Samt glóir skjöldurinn með skærri butu, og ef þú færir með hann út á opnu vegina, þar sem úlfaldarnir ganga, og létir hádegissólina skína á hann, þá mundirðu ekki þola að horfa á hann. En hvaðan kemur þessi ljómi? Hver hefði gert sér í hugarlund að hann lægi í litlausa, gráa málnköglinum úr námamanum í Afríku? eða að eldurinn og núningurinn gætu framleitt hann? eða að hann sé sólarljósið, þegar það skín aldrei á skjöldinn? Nei, það er edli silfursins að vera skínandi bjart og þetta áskapaða edli þess kemur í ljós.

Dæmisagan táknað þetta: hjarta mannsins er silfur, lífið er smiðjueldur og núningur, og ljóminn á andlitinu er ljósið, sem í hjartanu býr".

Þá hljómaði raust kallaranna frá hverjum musteristurni í borginni út yfir þökin, sem geislar kvöldsólarinnar gyltu:—

Guð er mikill! Komid til bæna! Guð er mikill!

Gamli einsátumaðurinn hljóp beint til musterisins og baðst fyrir. Eftir það yfirgaf hann hellinn fyrir fult og alt, leitaði samvista vð aðra menn, og huggun og sjón veittust honum eins og ótæmandi fjársjóðir. Og andlit hans varð bjartara og bjartara, þó hann vissi það ekki, þar til feið hans endaði í friði.

## Hvað er varanlegt?

(Brot úr ræðu).

Í hinum efnislega heimi virðist ekkert vera óumbreytanlegt. Vér sjáum ótal mörg umskifti, og oss er sagt af þeim, sem hafa vísindalega þekkingu á lögum náttúrunnar, að umskiftin haldi áfram þar sem augað getur ekki fylgt þeim. En vér ættum að muna að umskiftin og myndbreytingarnar eru aldrei eyðilegging, þó stundum virðist sem svo sé. Vísindin kenna oss að efnið, sem vér sjáum nú í þessari mynd og aftur í annari, eins og t. d. þegar vér sjáum brennandi trjábút breytast í reyk og ösku, sé í sjálfu sér varanlegt, það geti aldrei hætt að vera til, enda þó það breytist stöðugt að útliti. Og það sem meira er, án stöðugrar breytingar væri allur vöxtur og þroski lífræns efnis ómögulegur. En er ekki eitthvað annað en efnið sjálft, þessi milli 70 og 80 frumefni, sem menn þekkja, varanlegt og fyrir ofan allar breytingar? Menn hafa komist að raun um að allar breytingar og umskifti í hinum efnislega heimi verða samkvæmt lögum, sem eru alstaðar og á öllum tímum hin sömu, að svo miklu leyti sem menn geta vitað. Vér vitum að til er þyngdar-

lögma! og mörg önnur náttúruleg og vér vitum, að þau eru söm og jöfn um aldur og æfi; þau eru jafn varanleg og efnid sjálft, sem stjórnast af þeim. Það má segja um þau, að þau séu stöðug og varanleg mitt í breytingum og umskiftum hinna ytri mynda efnisins.

Þannig er hinn efnislegi heimur í eðli sínu, en hvað um það sem vér vanalega nefnum heim andans? hvað um sálarlíf manna, með hugmyndum sínum og tilfinningum? Er einnig þar eitthvað varanlegt að finna, einhver grundvallar sannindi, sem hafa gildi kynslóð eftir kynslóð og öld eftir öld? Vér getum ekki komist hjá að viðurkenna þann sannleika, að hugsanir vorar og tilfinningar eru rétt eins verulegar og áþreifanlegir hlutir. Ef einhver maður lætur í ljósi hugsun, sem oss er ógeðfeld, þá vekur hún hjá oss samskonar tilfinningar og ógeðfeld sjón mundi gera. Eru þá hugsanirnar nokkuð varanlegri en efnislegir hlutir? Margur mundi eflaust svara, að svo væri ekki. Hvað breytist fljótar en hugsanir mannsins? Þær hverfa fljótar en grasid, sem grær að morgni og er slegid að kvöldi, og aðrar nýjar koma í stað þeirra eldri. Flestar hugmyndir vorar geta ekki varað nema stutta stund; þær eru bundnar við hverfandi kringumstaður. Það verður jafnvel ekki sagt um skoðanirnar, sem vér höfum og álitum að vera réttar, að þær séu varanlegar nema í mesta lagi nokkra mannsaldra, því með vaxandi skilningi manna munu þær taka einhverjum breytingum, eins og allar skoðanir hafa gert á liðnum tímum. Þetta er eflaust satt. Hugmyndir og skoðanir eru rétt eins og myndirnar, sem efnid hefir í augum vorum. Þær eru sjálfar breytingum háðar, en þó er eitthvað á bak við þær allar, sem er varanlegt, sem aldrei hverfur í burtu eða verður að engu. Sálarlíf mannsins heldur stöðugt áfram að vera til og hugur hans heldur áfram að starfa, þó skoðanir og hugmyndir eldist og hverfi. Og alveg eins og viss lög birtast í efninu og breytingum þess, koma einnig lög í ljós í því sem menn hugsa. Hugsanirnar fylgja vissum tilhneigingum; hugsunarháttur hvers manns hefir sín einkenni, og hvort sem vér vitum það eða ekki verðum vér að hugsa samkvæmt vissum lögum, ef hugsanir vorar eiga að reynast sannar og réttar.



Hverndagslega erum vér oss þess ekki meðvitandi að vér hugsum samkvæmt lögum, en stundum þegar vér brjótum þau, finnum vér að vér erum á hugsa rangt. Vér vitum t. d. að svartur maður getur ekki tilheyrt þeim mannflokki, sem nefndur er Indíanar; og ef einhver segði, að skeð gæti að einhverstaðar væru til svartir Indíanar, þá segðum vér hiklaust að hann hugsaði rangt. Hvers vegna? Vegna þess að eitt höfuð-einkenni Indíananna, eitt af því sem gerir þá að sérstökum mannflokki, er það, að hörundslitur þeirra er ekki svartur. Það mætti til nefna ótal mörg dæmi. Hugsunum vorum eru skorður settar. Tveir og tveir eru fjórir og geta aldrei orðið þrír eða fimm. Og þessi lög hugsananna, sem menn hafa lært að þekkja með langvarandi reynslu eru stöðug, þau breytast ekki, þau eru eins nú og þau voru fyrir hundrað eða þúsund árum.

Það er fleira en þessi lög, sem vér verðum að hugsa samkvæmt, sem er varanlegt í voru andlega lífi. Hugsjónirnar eru varanlegar. Þær eru einnig lög sálarlífsins sem ekki breytast. Þær mynda lyndiseinkenni og hugarfar manna öld eftir öld, svo að hver maður verður að sérstæðri persónu með sínu sérstaka hugarfari. Skoðanir vorar á ýmsu geta verið mjög mismunandi, en það eru til hugsjónir, sem hafa sömu þýðingu fyrir oss alla. Sagan kennir oss margt og mikið um það, hvornig skoðanir manna á flestum hlutum hafa breyzt; og vér sjáum þær breytast dagsdaglega. Vér sjáum hvornig það sem menn einu sinni álitu óyggjandi sannleika er nú álitid einskisverð munnmæli, hvornig stofnanir, sem menn hafa bygt upp með mikilli umhyggju og erfiði hverfa úr sögunni eins og væru þær fánýtur hégómi. En sagan kennir einnig öllum þeim er lesa hana og skilja rétt, að í gegnum allar byltingar lífsins hafa vissar hugsjónir og meginsannindi varað, og að eftir þeim hafa menn reynt að laga hugmyndir sínar, þeir hafa reynt að hugsa í samræmi við þær og eins og birta þær í skoðunum sínum, líkt og byggingarmeistarinn lætur ákveðinn stíll koma í ljós í efninu, sem hann byggir úr. Þessar hugsjónir, sem eru oss eins dýrmætar og þær voru mönnum, er lífðu fyrir mörgum öldum, heita ýmsum nöfnum, svo sem réttlæti, sannleikur, mannkærleikur, traust á hið góða

o. s. frv. Þær eru eins og náttúrulögin að því leyti, að þær myndast ekki hér og þar til að hverfa aftur, heldur eru stöðugt og vinna stöðugt sitt starf í mannlífinu; enginn getur breytt þeim eða haft þær á sínu valdi.

Einhver vill máskæ segja að þetta séu ekki hugsjónir, það sé miklu fremur sálarástand sumra manna. En hvað er hugsjón annað en það, sem menn sjá í hugum sínum. Maðurinn, sem smíðar nýtt verkfæri, sér það líklega í huga sínum áður en hann smíðar það; hann hefir hugsjón. Sá maður, sem ekki er algerlega ánægður með sjálfan sig sem mann, hefir líka hugsjón, hann sér sjálfan sig í huga sínum eins og honum finst hann ætíð að vera. Það sem hann sér að sig skortir til að verða fullkomnari maður en hann er, er hugsjón hans, það þráir hann og þess leitar hann, eftir því reynir hann að lifa og af því vill hann að hugsanir sínar, verk sín og líf sitt alt taki svip.

## Á Gamlárskvöld 1912.

Kæru vinir: Þá dregur enn að árslokum. Árið 1912 er í þann veg að enda. Að fáeinum augnablikum er það liðið. Eftir eyktar bið runnið nýtt ár.

Þessi skifting tímans í ár og áratuga er eitt af því sem oft hefir vakið mér hugsun. Sérstaklega þegar ég athuga hvað því veldur. Í sjálfu sér er tíminu einn og eilífur. Það er hvorki árið eitt eða árið 1912. Tíminn er ein óslitin töf eða bil er hvergi byrjar og hvergi endar. Alstaðar, við yztu stjörnu, við syðstu takmörk himinhvolfsins, við austurbrún dags, við náttmál í vestri, er tíminn hinn sami, einn, endalaus, eilífur, óslitinn.

Hann er eins og fljót, ef svo mætti samlíkja, fljót er félli yfir þveran heim. Fljótið er eitt og hið sama, sístreymandi. Upptök þess eru fyrir utan heim, enginn veit hvar, ósar þess

fyrir framan heim, enginn veit hvar. En bakkarnir fram með fljótinu eru mismunandi. Fljótið veður ekki mælt en bakkana má greina í sundur eftir landsháttum og því, hvað vex á hverjum stað. Hér eru berir sandar, hér eru skriður og grjót, hér eru skógar og merkur, hér blómum þaktar grænar grundir. Vér miðum vegferð fljótsins við gróðurinn á bökkum þess.

Þannig mælum vér tímann, miðum hann við það sem vex á ströndum tímans. Hve lengi það er að vaxa er það fær eðlis að njóta, og hve nær það hættir að vaxa og hve nær það deyr. Áratalan er hagkvæm skifting til þess að reikna vora eigin æfi, — mannsæfina. Og byrjunartölurnar setjum vér við upphaf einnar mannsæfningar — hingaðburð drottins vors og herra. Jesú Krists. Frá byrjun æfi hans eru nú liðin 1912 ár. Frá byrjun æfi Karls mikla nær því 1200 ár, frá upphafi æfi Veruharðar múnks, um 700 ár, frá æfismorgni Gústafs Adólfs rúm 300 ár, og frá æfiþyrjun vana vorra og samferðamanna, 20, 30, 50—70 ár. Þetta er það sem áratalan táknar.

Frá byrjun æfi sumra vinanna ekki nema 2—20 ár og æfi þeirra er öll. En þar hefir gróðri verið hnekt og graslaus blettur minnir á, að þar við fljótsbakkann hefir alda úr straumi tímans kipt burtu gróðrinum.

Fram og aftur yfir liðna tímann getum vér horft, en eftir því sem lengra er farið aftur óskýrist fyrir sjónum vorum landskilin, og það sem þar gjörist upp með bökkum tímans. 1900 ár til baka sjáum vér að eins til fárra manna. Það bera á skuggar hér og hvar en greinast ekki skil. Það eru að öllum líkindum herskarar Rómaborgar, er sveimuðu fram og aftur um allan heim. Glöggvást sjáum vér til eins manns og lítillar sveitar karla og kvenna er með honum fylgist. Það er Galileinn. Hann lýtur í öðru hverju spori niður. Hann er að reisa á fætur þá er fallið hafa fram með vegum og gatnamótum, og taka í hönd þeirra sem eru að deyja og kal'la þá til lífs.

Öldum síðar sjáum vér til manns í Austurheimi, er hnígur á orustuvelli, lagðu: í bak. Umhverfis hann eru þéttir skuggar herfylkinga en engan manninn má greina, því eng r þeirra áttu til vilja verkefni eða hugsjón af eigin dáðum, er lifað hefir.

Það er eins og heimurinn sé mannlauus utan þessa eina. Það er að líkindum Júlíanus keisari. Sá er reisa vildi á stofn aftur, fræði, frægð og glæsímennsku hinnar fornu tíðar. Keisarinn, er lúta varð fyrir Galíleanum.

Og eftir það sjáum vér til manna, einsamalla eða í hópum ofan með bökkum þessarar miklu tímans elfu. En eftir því sem nær oss dregur eru hóparnir stærri og skýrari, unz að undir vorn dag er komið, að ekkert sýnist skorta á það annað, en það, að þeir fái heyrt orð vor eða tekið í hönd vora, svo nær sýnast þeir vera, svo glögt sjáum vér þá.

Og yfir þetta liðna ár eru allir viðburðir svo skýrir, að þeir standa ljóslifandi fyrir oss í kvöld. Yfir suma þeirra hlýtur þó að fynast eftir því sem árin fjölgja hédan af, og það jafnvel marga þá er oss þykja miklum nýmælum sæta eða vera mjög efnisríkir. Innan lítils tíma eru þeir margir gleymdir, því þeir voru aldrei neitt, eða í það ítrasta að eins skuggar er köstuðust á veginn. En vér vitum hversu fer með skuggana á daginn. Það er léttast að athuga þá á sumrin. Lítill skýhnoði skyggir fyrir sól, og frá honum kastast örlítill skuggi til jarðar. En umhverfis skuggann er ljósið og birtan og fegurðin, og svo langt sem augað eygir yfir jörð. Á samri stund feykir örlítill vindblær skýhnoðranum í burt og skugginn ekur á burt með hraða og síðast hverfur með öllu, því skýið leysist sundur og getur ekki lengur skygt.

Ég man eftir börnum sem höfðu sér það til gamans að elta þessa skugga, reyna að vera alt af í skugganum. En hversu hjót sem þau voru fengu þau ekki haldið uppi við skuggann, sólin náði þeim.

Margir viðburðir liðna ársins eru eins og þessir skuggar, horfnir, fyrnt yfir þá og sjást ekki, og verða einskis metnir er fram liða tímar, meðal þeirra er neðar standa við straum tímans. Og það margir þeirra er oss þykir mikils um vert. En oss þykir það mest vert um þá viðburði er oss sjálfa snerta hvað mest. Þeir eru allir smámunir í heiminum. Og þó vér viljum þreyta hlaup og standa í skugganum, þá nær sólin oss samt.

Svo er með alt það er hefir glatt oss eða hrygt. Hafi gleðin

og hrygðin ekki náð til fleiri en vor, verður atburðurinn að engu er frá líður stund. Vér þykjumst mæla tímann. En í sannleika mælir tíminn oss. Og eftir viðtæki viðburðanna er vér látum oss varða, er mælinum háttað.

Aftur eru aðrir atburðir er fjær standa oss er miklum tíðindum munu sæta um komandi ár. Og langt má vera komið niður með straumi tímans, þegar sumt af því er gjörst hefir þetta liðna ár er fallið í gleymsku og týnt. Og þar sem vér deilum árunum eftir því hvað gjörst hefir, eftir gróðrinum á ströndum tímans, verður lengi vitnað til þessa árs. Hið forna rómverska ríki, bæði hið vestræna og austræna hefir tekið þeim breytingum og framförum, er framtíðin ein á eftir að meta. Í fyrra um áramóta leytið stóð yfir ægileg orusta millum Ítala og Tyrkja, er til lykta hefir verið leidd á þessu ári, þannig að stór hluti hinna fornu rómversku eigna í Norður-Atríku og í höndum var Tyrkja, hefir aftur fallið í hlut Ítala.

En engu fyrir er friður saminn milli Ítala og Tyrkja, en hin sameinuðu ríki á Balkanskaganum segja Tyrkjum stríð á hendur. Hafa Tyrkir farið í öllu halloka, þó óséð sé enn hvernig málum þeim kann að lykta. Eitt er þó víst, að margur er sá sem vonar að ekki þurfi að bíða nema næsta árs, að Mikligarður og hið forna Austur keisaradæmi fái losast undan yfirráðum Tyrkja til fulls og alls. Er hernáms tímabilið orðið nógu langt, því á þessu í hönd farandi ári eru liðin 560 ár frá falli Miklagarðs.

Þá hafa líka þeir atburðir gjörst, er ekki verða ómerkari er aldir liða, í austurálfu með afnæmi keisarastjórnar í Kína. Þeirri stefnu, er mál hafa tekið á hinu fræga fornaldar ríki, er þegar í stað farið að þakka margar umbætur þar eystra, er fram koma í auknum mannréttindum og almennu vísýni. Lýðveldis hugsjónin, sem þar hefir náð sér niðri, fær bezt sannað yfirburði sína yfir hina ávalt mjög vísjárverðu konungsstjórn, með öllum þeim umbótum er hún hefir leitt yfir landið á ekki lengri tíma en lýðveldið er búið að standa.

Eru nú komin á lýðveldi í öllum álfum heims, og er þess óskandi að ekki líði svo ár hér eftir að ekki bætist eitt og eitt

við í hópinn unz sá dagur rennur "að kónginum seinasta er stjakað frá strönd og steipt niðri annaðhvort hafið".

Fleiri umskifti hafa og orðið í stjórnar fyrirkomulagi manna, er öll miða í framfara átt. Um þessar mundir er í ráði að veita Írum hina langþráðu heimastjórn. Fyrir rúnum hundrað árum var það landráðasök að tala á þá leið, að Írar ættu með rétti að fá að ráða sínum sérmálum. Robert Emmett, einn sá drenglundasta sonur þeirrar vösku þjóðar, bardist fyrir þeim réttindum þá, og misti fyrir það lífið. Ræða sú er hann flutti rétt fyrir líflátið, eru ein þau dýrustu frelsisorð er nokkur þjóð á í sögunni. Nú eru orð hans, er þá voru talin landráð, notuð til þess að sanna og réttlæta frelsiskröfu Íra. Þannig hefir þetta skapast og mætti margt fleira telja þessu líkt.

Á árinu hefir og norræna þjóðin unnið sér sæmd. Ekki þó með vopnaburði eins og fyrr á tíð, heldur í heimi lista og vísinda. Snemma á árinu tilkynti liðsforingi Hróaldur Amundsson, frá Noregi, að honum hefði auðnast að komast suður á endimörk jarðar, og greipt merki Noregs í ís og hjarn yfir suðurláti. Kannaði hann og suðurheimskauts landið mikla að mun. Síndi hann í því að enn er norrænum þjóðum mögulegt að brjóta gegnum ísa og klungur, og kanna þá stigu er aðrir hafa ekki áður farið.

En um leið og vér minnumst þeirrar frægðar er á árinu hefir aflast, er og margt að minnast og sakna. Á öndverðu ári kemur fyrir eitt hið voðalegasta slys, er sögur fara af, er srór-skipið Titanic sökk með sem næst allri áhöfn. Þar fórust sem næst 1800 manns, og voru á meðal þeirra margir hinna mikilhæfustu manna, á sviðum viðskiftanna, Auðmenn, verzlunarmenn og lögfræðingar. Þar lézt og mikilmennið Wm Stead, er frægastur blaðstjóri var á öllu Bretlandi. Var hans mikið saknað um allan heim, að maklegleikum, því hann var ávalt og á öllum stöðum talsmaður mannréttinda, og sanngirnis. Gáfum sínum og æfi varði hann í þjónustu sannleikans í lífi þjóðanna. Auk hans er þriggja stórmenna á bak að sjá. Næstur eftir hann kveður sænska stórskáldið góðkunna, Jóhann August Strindberg. Um hann var sagt andaðann: "Hann var stundum nokkuð svart-sýnn, en það svart-sýni stafaði af lífsreynslu hans og beiskju yfir ýmsu öfugstreymi. En hann elskaði mennina og alt það sem aamt er, og fyrir þá hefir hann lifað". Er það göfugur vitnisburður en sannur þó, að lokinni æfi. Rétt á undan honum andaðist enska söguskáldið og sagnaritarinn góðkunni, Justin McCarthy. Og svo þar nokkru síðar hinn heimsfrægi öldungur

Wm Booth, stofnandi og yfirforingi hjálpræðishersins. Aldur hans var orðinn mikill, full 83 ár, og um þann langa dag, helgaði hann neyðinni og mannlegri eynd alla sína þjónustu. Fyrir æfi þess eins manns, fær enginn tölu á komið hve mörgum bágstöðum hann hefir orðið að liði, hve mikil spilling, synd og sérgæði hefir verið máð á burt. Því hvað sem annars má segja um hjálpræðisherinn hefir hann verið líknarstofnun, ólýsanleg og óviðjafnanleg í sögu mannkynsins.

Tveir þjóðhöfðingjar hafa og ent æfi á þessu ári. Vor góðfrægi og vinsæli Friðrik konungur 8., er einstakur var í hópi konunga, engan óvin átti, en tvær þjóðir að vin. Þjóðirnar báðar er hann ríkti hjá. Enda var lýðsinni hans meira en konungssinni. Og keisari Japans. Sá meðal konunga þeirrar þjóðar er til þessa hefir mest gjört til þess, að hefja land sitt og þjóð. Er sá orðstír goður fylginautur til grafar, jafnt konungi sem kotungi og varanlegastur þó tímar breytist.

Er það því svo með þetta ár sem hin er á undan hafa farið, að það skilur oss eftir að ýmsu ríkari, og að sumu fátækari og hryggari en vér vorum, er það kom til vor. Ríkari að því sem unnist hefir til gagns og bóta, en fátækari og hryggari við burtför þeirra er vér fegin vildum að tefja hefði mátt lengur, sumir til að vinna það verk áfram er þeir höfðu sér kosið, aðrir til þess að strá ljósinu, gleðinni og ánægjunni á ófarna veginn, er á stundum er dapur og myrkur. En um það ber ei að sakast. Vér þökkum og fögnum því sem gefst, en fellum tár yfir því sem tapast og hverfur.

Hvert ár réttir lýðum skuldar skjöld, skilur eftir gróf hjá gróf, en það gerir og líka meira. Við hvert það hús sem það brýtur niður og fellir byggir það framtíðar höll, yfir vonir og ákvarðanir þeirra, sem hefjast leiðar með því að taka við að lifa þegar hinir hallast þreyttir til svefns með byrðina í svæfils stað. Og yfir því ber jafnan að fagna. Áfram, áfram rennur straumur tímans, áfram og upp á við færast mannkynið gegnum elskuna til þess göfuga og háa, gegnum baráttuna við lífið og dauðann.

En stærsti vinningurinn við hvert liðið ár er hverjum einstökum sá, að geta horft til baka og fundið með vissu, að á því ári höfum vér ekki hrundið frá oss vinum né brugðið vinnámum. Og yfir þetta liðna ár vona ég að vér getum öll litíð svo. Og um hið tilkomanda vona ég vér fáum svo ferðast að vér hrindum ei frá oss hönd guðs eða manna. Enda er það, það eina er veitt fær oss gleðilegt ár.

“Láttu guðs hönd þig leiða hér, lífsreglu halt þá beztu”,

og vinarhönd. Það er hvorttveggja styrkasta stöðin gegnum hið ókunna og óséða er fram undan bíður.

Og með vissunni um að svo megi verða býð ég yður gleðilegt nýtt ár, og þakka kærlega liðinn dag. Gleðilegt ár.

R. P.

## Svar til séra Jóhanns Bjarnasonar.

Fyrir skömmu birtist í Sameininguuni grein eftir séra Jóhann Bjarnason með fyrirsögninni: „Etlum vér Vestur-Íslendingar að skifta um trúarbrögð?“. Helzt til lengi hefir dregist, að grein þessari væri svar, ð af hálfu vor Únitata; því þó ekki sé líklegt að hún geti haft mikit áhrif á skoðanir hugsandi manna, þá er hún samt þess verð að henni sé svarað, vegna þess að í henni er ráðist á menn og málefni.

Greinarbófundurinn tekur sér fyrir hendur að sýna fram á, að það sé skaði fyrir Vestur-Íslendinga að skifta um trú; og að þeir eigi allir að halda fast við sína lútersku barnatrú. En, eins og eðlilegt er, geogur honum illa að sýna fram á þetta með tókum: koma óstuddar staðhætingar í stað tók-sendaferlsu og jafnvel skammir, sem ekki eru sambodnar neinum manni, er vildi reða málið með stillingu.

Höf. minnst fyrst þokkuð á trúarháfileikann, sem hann svo nefnir, og gefur í skyn, að til þess að menn aðhyllist Únitatrú eða hina svo nefndu nýju guðfræði, þurfi hann að vera kominn í niðurniðslu. Hér kemur í ljós hin vanalega þróngsýni og hugsunarskekkja afturhalds-amra manna. Trú og lúterskar trúarskoðanir eru í augum höfundarins eitt og hið sama. Ég geri ráð fyrir að með trúarháfileika eigi hann við hina innri tilhneigingu manna að mynda sér trú. Sú tilhneiging er almenn, og inn í hana eru ofnir vamsir sálarlífs eiginleikar. Hún á ekki meira skylt við lúterskar trúarskoðanir en katólskar eða búddískar trúarskoðanir: hún er alstadar til þar sem trúarskoðanir af einhverju tagi eru til. Lútersk guðfræði er afleiðing þess arar tilhneigingar. Þó hún hyrti alveg úr heiminum mundi tilhneigingin ekki hverfa. Þetta tal um trúleysi hjá öllum, sem ekki aðhyllast sömu skoðanir og maður sjálfur er ofur-einfaldlegt, eins og höf. atti að vita.

Það á vist að vera fyndni hjá höf. að líkja þeim, sem skifta um trú (þetta að vera lúterskir) við þá sem komast „á hrepp“. En ekki styður sú fyndni málstað hans vel. Þeim mönnum mun hættast við að komast „á hrepp“ á Íslandi, sem minsta framtakssemi hafa og mest vænta hjálpar frá öðrum. Framtaksleysi í trúarefnum er það, að hugsa sem minst sjálfur, fá alt frá öðrum, reiða sig á það sem er gamalt og viðtekið – það er að vera trúarlega „á hreppnum“, ef nota má samlíkinguna. Og í þessu ástandi vill höf. að allir Vestur-Íslendingar séu og verði um aldur og afi. Lítið betur ferst höf., þegar hann líkir trúarstefnunum þremur við kleðaburð. Hinn vandaði búmgör lútersku trúarinnar, sem hann svo nefnir, er orðinn fremur



gamaldags í sniði. En flestir kunna illa við sig í fótum með gamaldags sniði, nema þeir sem á útkjálkum bíta. Trúarlegum Hornstrendingum fer fækkandi, sem vonlegt er. Þó Jóhanni presti þyki sárt að sjá axtarmótið hverfa. Aþveg rétt er það hjá höf. að það sé heilbrigt ásigkomulag, trúarlega, að adhyllast það sem hafi kraft og líf í sér fólgið. En það er sú fánlegasta hugsunarvilla, sem unt er að finna sér, að krafturinn og lífið sé í hnignandi trúarstefnu: það hefir aldrei átt sér stað og getur ekki átt sér stað.

Dá er sú staðhæfing, að Vestur-Íslendingar eigi að halda fast við lít eraskan kristindóm vegna þess að hann sé arfleifð. Leiðtogar rétt-trúnaðarins lúterska hér vestan hafs eru búnir að endurtaka þessa staðhæfingu um erfðatrú og barotrú að *nauseam*. Höf. hefir auðsjánlega grun um, að hún sé áhrifalítill, því hann vill ekki mikið á henni byggja.

Allmikið talar höfundur um vitsmuni og siðferði: Gremst honum auðsjánlega, að í flokki frjálstrúarmanna eru tiltölulega margir greindir menn. En sikt er ekki nema eðlilegt. Ekki svo að skilja, að meðal íhaldsömustu fylgjenda lútersku trúarinnar finnst ekki greindir menn líka. En þeir eru menn, sem ekki vilja nota vit sitt til þess að leita sannleikans í trú máttum. Þeir hafa trú sína af vana, eða þá því, að þeir hafa tekið í sig að breyta aldrei um trú. Höf. vill kenna Únitörum um, að siðferði Vestur-Íslendinga fari hnignandi, að hans áliti. En rétt áður segir hann, að allt sem Únitatar og ný-guðfræðingar riti og tali verði að snúast um siðalærdóma. Það er spány kenning, að það hafi sið-pillandi áhrif, að mikið sé um siðferði rétt og rétt. Vanalega hefir það verið svo, að siðferðinu hefir hnignað, þegar lítið hefir verið á það minst: þegar t. d. að guðfræðiskeningarnar hafa yfirgæft allt annað. Honum finst að þeir sem meira ræða um siðferði en minna um trú lúterskar trúarskóðanir, ættu að vera betri menn en hinir, og kemur það illa beim við þá sköðun, að hin orþóðoxustu trúarbrögð hafi sérstakan kraft til siðferðisbetrunar í sér fólgin. Hefði hann viljað sanna mál sitt um það, að Únitatartrúin hafi haft slæm áhrif á siðferði Vestur-Íslendinga, þá heidi hann átt að skýra frá, hversu stór hluti af þeim, sem dæmdir hafa verið fyrir glæpi, eru Únitatar og hvað margir lúterskir. En um það atriði vill hann líklega sem minst fjalla. Fremur er það einfaldlega hugsað, að áhrif Únitatartrúarinnar séu nú fyrst að koma í ljós, á siðastliðnum tveim árum, eftir nær því aldarfjórðungs starfsemi. Annars er allt, sem í greininni stendur um siðferði, eintómar illgirnislegar tilgátur, á eugu byggðar og kastað fram til að auka óvild lít hugsandi fólks. Hin afariága tala Únitara meðal glæpa- og lögbrotsmanna yfirleitt sýnir betur en nokkuð annað, hversu heillavænleg áhrif únitatariskar trúarkóðanir hafa á siðferði. Það, og ekkert annað, er hinn rétti mælikvarði.

Höf. fer allmörgum orðum um álit enskumælandi fólks á trúarstefnunum og minnet í því sambandi á kosningu Tafts, forseta Bandaríkjanna, 1908. Segir að þá hafi verið reynt að halda leyndu að Taft er Únitari. En það er rangt með farið. Einmitt um það var mikið talað. Ýmsir menn með svipudum hugsunarhætti og höf. sjálfur reyndu að spilla fyrir Taft með því að breiða út að hann væri kristindómnum mótfallinn. Vinir hann og studn-

ingsmenn tóku til þeirra einu ráða, sem fyrir hendi voru, að sýna fram á að trúarskoðanir ættu ekki að koma til greina við forsetakosningarnar. Þeir drógu engan dul á hvaða trú hann hefði; þurftu þess heldur ekki; hann var ekki fyrsti Únítarinn, sem varð forseti Bandaríkjanna. Það var ekki eðlilegt að Roosevelt svaraði mörgum bréfum ofstækismanna. Hann var ekki Únítari sjálfur og hefir efalaust skoðað það alt sem lítilfjörlegt aukaatriði í stjórnmálunum. Taft forseti er einn af mætustu mönnum sinnar þjóðar og stendur í öllu jafnfætis þeim þjóðskörungum, sem halda fast við orþódoxan kristindóm. Ef greinarhöf. þekkir nokkuð sögu Bandaríkjanna, þá veit hann, að margir beztu menn þjóðarinnar hafa verið Únítarar. Íslenzkur blaðamaður og stjórnmálamaður, sem dvalið hefir í Bandaríkjunum, sagði fyrir skömmu, að Únítarar væru "salt jarðar" þar; og það er sannmæli.

Alt það sem höf. segir um mætur enskumælandi þjóðanna á þeirri trú arstefnu, sem hann er að verja, er naumast svaravert. Allir menn vita að bæði í Ameríku og á Englandi eru frjáls trúarstefnurnar stöðugt að grafa um sig; allir vita að enskumælandi þjóðirnar eru swám saman að yfirgefa hinn sögulega kyrkju-kristindóm. Sú nýbreytni í trúmálum, sem á sér stað meðal Íslendinga, er að mestu leyti komin frá enskumælandi þjóðunum, að minsta kosti hér hjá oss Vestur-Íslendingum. Manni getur ekki annað en dottið í hug, að höf. sé að reyna að villa einhverjum fáfróðum lesendum Sameiningarinnar sjónir. Ég held ekki að það verði með sanni sagt, að nokkrar þjóðir hafi meiri mætur á trúarlegu frjálslýndi en einmitt enskumælandi þjóðirnar. Og þó svo væri ekki, hvers vegna skyldum vér Vestur-Íslendingar taka það nokkuð til greina. Höf. segir sjálfur, að þó Íslendingar á Fróni skiftu um trú, þá ættum vér Vestur-Íslendingar ekki að fylgja þeirra dæmi. En ef það væri nú satt að enskumælandi þjóðirnar skiftu ekki um trú, hvers vegna skyldum vér fylgja þeirra dæmi í því? Meiningin er ljós hjá höf.: Vestur-Íslendingar eiga að fylgja þeim, sem eru þröngsýnastir, afturhaldssamastir og lengst á eftir tímanum í trúmálum, hvar og hverjir sem þeir eru.

Tilraun höf. til að koma fólki að trúá að nýja guðfræðin og Únítaratrúin séu eiti og hið sama er skiljanleg. Þröngsýnum mönnum gengur æfinlega illa að sjá nokkurn greinarmun á því, sem á einhvern hátt er þeirra stefnu andstætt, þó aðrir geti séð hann. En út í það, hversu skyldar stefnur nýja guðfræðin og Únítaratrúin séu, skal ekki farið hér. Báðar þær stefnur og ýms önnur "tákn tímanna" ættu að sannfæra höf. um það, að Vestur Íslendingar margir hverjir, ætla að skifta um trúarbrögð, eru þúnir að því og munu framvegis gera það. Hvers vegna? Vegna þess að það er nauðsyn. Ef vér neitum að fylgja tímanum og byrgðum eyru vor fyrir rödd sanuleikans, yrðum vér allir eins og uppi dögus nátt-tröll. Og ekkert ástand væri oss verra, né líklegra til hnignunar og afturfarar í öllu.

## FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komið til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

### **WILLIAM GRASSIE**

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 - - - P. O. Box 645

---

NOTIÐ

# Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrygri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

**THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.**

VERÐLAUNAEILD

WINNIPEG, - - CANADA

1310

Nýttískulegasti og endingarbesti  
skófatnaður í Canada

Drjár verksmíðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótrar útsendingar í vörugæmsluhúsi okkar í Winnipeg

**Ames Holden McCready Limited**

